

Fundinn sátu:

Steinn Jóhannsson, Halldóra Björt Ewen, Helga Jóhannsdóttir (ritari), Nína María Morávek (foreldraráð), Sunna Tryggvadóttir (NFMH), Unnur Lilja Hermannsdóttir (formaður), Margrét Nordahl, Hildur Sverrisdóttir og Ragnar Guðmundson, Þorgerður Diðriksdóttir.

Forföll : Þórhalla Steinþórsdóttir, Karl Sigurðsson

Efni fundarins er eftirfarandi:

1. Rekstraráætlun næsta árs, þ.e. 2020
2. Nýjar skólasóknarreglur – loforð um að bera þær upp aftur
3. Grænfáni og umhverfismál
4. „Októberlotan“ og Nemenda- og hollvinasamtök MH
5. Framkvæmdaáætlun til næstu ára í MH
6. Önnur mál

Rekstraráætlun næsta árs, þ.e. 2020:

Steinn kynnti fjárhagsáætlun skólans. Stefnt á að endurnýja 2 kennslustofur sem fyrst. Reksturinn gengur vel. Húsbúnaðarnefnd hittist og velti fyrir sér hugmyndum um húsgögn. Markaðsleiga – þ.e. leiguverð ákveðið af fasteignum ríkisins. Ekki búist við nýráðningum á vorönn. Stefnt er að því að stofnanasamningur kennara og MH verði endurskoðaður á næstu mánuðum.

Skólasóknarreglur: Tillagan kynnt aftur eins og tekið var fram síðast: Nemendur taka á sig fjarvistir ef veikindi eru einn dagur. Ef veikindi eru lengri en einn dagur þá taka nemendur á sig fjarvistir fyrir fyrsta daginn, en allar fjarvistir eftir það eru frádregnar. Einnig verða skoðaðar mætingar eftir 5 vikur og 10 vikur þar sem nemendur verður vísað úr áföngum ef þeir eru undir ákveðinni prósentu í raunmætingu.

Grænfáni og umhverfismál:

Rætt um það að leið 13 hjá strætó sé að hætta. NFMH er hvatt til að beita sér fyrir því að þetta muni ekki gerast. Spurning hvort að lokun bílastæða yrði hvatning til nemenda að nota strætó. Spennandi að sjá hvað gerist næst. Nemendur hvattir áfram af skólanefndinni.

Októberlota og aðkoma Nemenda- og hollvinasamtaka MH að vikunni:

Októberlotan er 14. – 18. október. Gekk vel og erum við þakklát þeim útskrifuðu MH-ingum sem komu og kynntu sig og sín verk. Mjög áhugavert en því miður ekki nógu góð mæting hjá nemendum.

Framkvæmdaáætlun til næstu ára í MH

Stjórnendur eru að hitta arkitekta skólans reglulega. Mikið í gangi og gaman að skoða.

Önnur mál:

- Rætt um lb námið.
- Rætt um sálfræðinginn.
- Nemendur sem óska eftir skólavist að loknu stúdentsprófi – höfum hafnað þeim hingað til en viljum ræða hvort að það sé endilega það besta
 - Skipst á skoðunum varðandi möguleikann, m.a. að þetta þurfi að skoða mjög vel og út frá öllum sjónarhornum áður en farið yrði af stað. Rætt um mögulegar leiðir til að skapa þennan möguleika.

Næsti fundur miðvikudaginn 5. febrúar 2020

Ritari: Helga Jóhannsdóttir